

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Brynhildi Pétursdóttur um fundahöld.

1. *Hversu margir hefðbundnir fundir voru haldnir í ráðuneytinu árin 2014 og 2015 með starfsmönnum undirstofnana þess sem eru á landsbyggðinni?*

Höfuðstöðvar eða aðalskrifstofur stofnana sem heyra undir ráðuneytið eru í öllum tilvikum í Reykjavík. Ekki er því um að ræða að haldnir hafi verið hefðbundnir fundir eða fjarfundir með undirstofnunum sem eru á landsbyggðinni.

2. *Hversu margir fjarfundir voru haldnir í ráðuneytinu umrædd ár með starfsmönnum stofnana þess sem eru úti á landi?*

Sjá svar við lið 1.

3. *Hver var kostnaður stofnana ráðuneytisins vegna ferða starfsmanna þess til og frá Reykjavík vegna funda í ráðuneytinu árin 2014 og 2015?*

Sjá svar við lið 1.

4. *Hefur starfsfólk ráðuneytisins fengið hjálfun í notkun á fjarfundabúnaði, bæði hvað varðar tæknilegu hliðina og fundarstjórn?*

Í ráðuneytinu er til búnaður sem notaður er til fjarfunda. Starfsmönnum er veitt aðstoð ef á þarf að halda við notkun hans.

5. *Telur ráðherra að unnt sé að auka skilvirkni og afköst í starfsemi ríkisins með notkun fjarfundabúnaðar og ef svo er, hvernig? Hefur ráðuneytið mótað og kynnt stefnu í þessu sambandi?*

Kostir fjarfunda umfram hefðbundna fundi eru fyrst og fremst þeir að til slíkra funda er unnt að boða með litlum fyrirvara óháð staðsetningu fundarmanna. Þegar aðstæður eru slíkar að ekki er unnt að boða hefðbundinn fund með stuttum fyrirvara en aðstæður krefjast þess engu að síður að fundur sé haldinn getur notkun fjarfundabúnaðar vissulega aukið skilvirkni og afköst, auk þess sem ferðakostnaður sparast. Ráðuneytið hefur ekki mótað sérstaka stefnu í þessu sambandi.